



2. - 3. mars 2013
Reykjanesbæ



REYKJANESBÆR



Nettómótið 2013



Velkomin á Nettómótið 2013 helgina 2. og 3. mars í Reykjanesbæ.

Um leið og sólin fer að sjást hærra á lofti og lok vetrar í sjónmáli, blása víkingar Reykjanesbæjar í nýtt mót samkvæmt venju. Við fáum oft þá klassísku spurningu á hverjum vetri, „hvenær er næsta Nettómót?“ og svörum henni alltaf á sama hátt; „fyrstu helgina í mars“. Á því verður engin breyting nú.

Mótið í fyrra var það næst fjölmennasta frá upphafi, en 1.110 keppendur mættu til leiks frá 22 félögum sem myndu 180 keppnislið er léku 433 leiki á 13 völlum í fimm íþróttahúsum.

Dagskráin nú mun taka mið af sambærilegum fjölda leikja. Ein breyting verður þó á aðstöðu fyrir leikjahaldið í ár sem ekki er á valdi félaganna að ráða við. Íþróttahúsið á Ásbrú stendur okkur ekki lengur til boða og hefur salurinn verið lagður undir rekstur líkamsræktarstöðvar. Til að bregðast við

þessu ætlum við að spila á tveimur völlum í Akurskóla þetta árið, og elsti árgangurinn mun færa sig um set og leika á stórum velli í Garði, sem er nágrennasveitarfélag Reykjanesbæjar. Íþróttamiðstöðin í Garði er í 10 min. akstursfjarlægð frá Íþróttahúsinu í Keflavík. Þar er frábær körfuboltavöllur í fullri stærð og glæsileg sundlaug. Við viljum færa grönnum okkar miklar þakkir fyrir að taka þátt í þessari tilraun, og erum sannfærðir um að hún muni lukkast vel.

Nettómótið er bæði körfubolta & fjölskylduhátíð þar sem allir eiga að geta notið sín. Við munum áfram kappkosta að halda gæðum mótsins óbreyttum, enda félögunum mikið metnaðarmál að vel takist til og allir sigli heim með ógleymanlegar minningar í farteskinu.

Með körfuboltakveðju



Barna- og unglingaráð



Nettómótið 2013

- **Útgefandi:** KarfaN, hagsmunafélag barna- og unglingaráða körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur.
- **Ritstjóri og ábm:** Jón Ben Einarsson • **Myndir:** www.draumalidid.is • **Útlit og umbrot:** Víkurfréttir
- **Upplag:** 4.000 eintök • **Heimasíða:** www.nettomot.blog.is

Hafðu bankann í vasanum

Á L.is kemstu alltaf í bankann. Allar helstu aðgerðir í netbanka – millifærslur, yfirlit bankareikninga, greiðsla reikninga og margt fleira – eru aðgengilegar á L.is auk upplýsinga um markaði, gjaldmiðla og stöðu Aukakróna.

Betri netbanki á L.is


Öll almenn banka- viðskipti með farsímanum.

Hagnýtar upplýsingar

Allar helstu upplýsingar um útibú, hraðbanka, gjafakort o.fl.

Aukakrónur

Yfirlit yfir Aukakrónur, afslætti og samstarfsaðila.



Fyrir flesta nettengda síma

Virkar á nánast öllum nettengdum símum.

Enginn auðkennislykill

Hámarks öryggi með nýju öryggiskerfi, og auðkennislykillinn óþarfur.



Skannaðu QR kóðann til þess að fara á L.is

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Dagskrá mótsins

SÍDASTI
SKRÁNINGARDAGUR
ER 22. FEBRÚAR

Laugardagur:

- 07:30** Móttaka liða hefst í Íþróttahúsinu við Sunnubraut
- 08:00** Leikir hefjast á öllum völlum
- 09:00** Leiksvæðið í Reykjaneshöll opnar
- 10:00** Bíósýningar hefjast og Skessan opnar hellinn
- 11:00 - 14:00** Hádegisverður í Fjölbrautaskóla Suðurnesja
- 12:30** Innileikjagarðurinn Ásbrú opnar
- 18:00 - 20:00** Kvöldverður í Fjölbrautaskóla Suðurnesja
- 20:30 - 21:30** Kvöldvaka í Íþróttahúsinu við Sunnubraut
- 21:30 - 22:30** Kvöldkaffi fyrir foreldra í Félagsheimilinu við Sunnubraut
- 21:45** Kvöldhressing á gististöðum

Sunnudagur:

- 07:00 - 09:00** Morgunverður á gististöðum fyrir næturgesti
- 08:00** Leikir hefjast að nýju
- 09:00** Bíósýningar hefjast, leiksvæðið í Reykjaneshöll og Ásbrú opnar
- 11:00 - 14:00** Pizzuveisla Langbest í Fjölbrautaskóla Suðurnesja
- 15:00** Verðlaunaafhending og mótsslit - Íþróttahúsið við Sunnubraut

ATH. Tímasetningar geta breyst, fer eftir fjölda þátttakenda



HÚSASMÍÐJAN

**ÓSKUM ÞÁTTTAKENDUM
GÓÐRAR SKEMMTUNAR
UM HELGINA**

TILBOÐ 1

Barnaís
kr. 150,-

TILBOÐ 2

2 pizzusneiðar
og 1/2L. Pepsi
500,-

TILBOÐ 3

Samloka m/skinuku og
osti og 1/2L. Pepsi
kr. 500,-

50% AFSLÁTTUR

af stærsta nammibar á Suðurnesjum.
ALLA HELGINA! 119 sælgætistegundir.



Tilboðin gilda meðan á mótinu stendur, 2. - 3. mars 2013

Hafnargata 6 - 230 Keflavík - S:421 1544



Valur er sífellt að endurbæta og leita nýrra lausna. Hann er í þróunarteymi Netbankans.

Stilltu Netbankann eftir þínum þörfum



Meiri hraði og betra viðmót í Netbankanum

Netbanki Íslandsbanka er í stöðugri þróun. Nýjustu endurbætur á viðmóti og virkni Netbankans gera þér kleift að sinna bankaviðskiptum með einfaldari hætti en áður.

Þú stillir upphafssíðu Netbankans eftir þínum þörfum, velur þá liði sem þú vilt hafa sýnilega og kemst með einum smelli inn í helstu aðgerðir.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000



Íslandsbanki

Úrvals afþreying er á mótinu fyrir alla fjölskylduna

Sundferð: Vatnaveröld-fjölskyldusundlaug verður opin frá kl. 8.00-19.00 laugardag og 8:00-18:00 sunnudag. Krakkar á grunnskólaaldri fá frítt í sund.



Bíóferð: Allir keppendur og liðstjórar skella sér í Sambíón. Fyrir krakka 8 til 11 ára verður sýnd glæný ævintýramynd, **Cindarella - Once upon a time... In the west**. Fyrir krakka 6 og 7 ára verður sýnd teiknimyndin **Ævintýri Samma 2** sem hæfir einkar vel þeim aldurshópi.

Kvöldvaka: Kvöldvakan verður bara skemmtileg eins og venjulega. Þekktir skemmtikraftar koma í heimsókn og helstu troðslukappar landsins mæta til leiks. Munið fjörið á fyrri mótum. Kvöldvakan hefst kl. 20.30.

Foreldrakaffi: Öllum foreldrum verður boðið í kvöldkaffi eftir kvöldvökuna á laugardagskvöldinu.

Reykjaneshöll: Það verður stanslaust fjör í höllinni báða keppnisdagana. Á laugardag verður opið frá kl. 9:00 til 19:00 og á sunnudag frá 09:00 til 14:30. Hoppukastalinn svakalegi, boltar o.fl. á þessu 7.840 m² leiksvæði.

Innileikjagarðurinn: Innileikjagarðurinn á Ásbrú er sérstaklega hentugur fyrir krakka á aldrinum 2-8 ára. Á laugardag verður innileikjagarðurinn opin frá kl. 12:30 til 17:30 og á sunnudag frá 09.00-16.30.

Skessan í hellinum opnar kl. 10.00 og lokar kl. 17.00 báða dagana.

Víkingaheimar verða opnir 12.00-17.00 báða dagana.

Duushús, menningar og listamiðstöð Reykjaneshæjar opna 13.00-17.00 báða dagana.



ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

Safaríkt nám sækist vel

Heilsusafi fæst í handhægum fernum,
hressandi ferskur í skólann.

100% hreinn safi.

Enginn viðbættur sykur.



Flóridana
LIFDU VEL!

Enginn verður svangur á Nettómótinu

Innifalið í mótsgjaldi fyrir keppendur og liðsstjóra:

Laugardagur:

Hádegisverður í Fjölbrautaskóla Suðurnesja

- Pastasúpa, brauð og ávextir

Kvöldverður í Fjölbrautaskóla Suðurnesja

- Kjötbollurnar sívinsælu með tilheyrandi meðlæti

Kvöldkaffi í matsal á gististöðum

- Skúffukaka frá Sigurjóni bakara og drykkur með

Sunnudagur:

Morgunverður í matsal á gististöðum

- Morgunkorn, súrmjólk, samloka, drykkur og ávextir

Hádegisverður í Fjölbrautaskóla Suðurnesja

- Pizzuveisla frá

langbest
PIZZERIA • STEIKHÖS • KAFFIÁR

Sjoppur eru á öllum keppnisstöðum þar sem hægt er að kaupa samlokur, svaladrykki og margt fleira. Rjúkandi kaffi og bakkelsi með verður til sölu fyrir pabba og mömmu.

Hvort sem þú ert að leika körfubolta eða virkja jarðhita, þá er það liðsheildin sem skapar árangur!

ÓSKUM KEPPENDUM GÓÐS GENGIS Á MÓTINU



HS Orka hf
www.hsorka.is • hs@hs.is



www.kfc.is

svoogott™



FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRDUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI **WWW.KFC.IS**

TILBOÐ ALLA HELGINA

Ostborgari 115gr. m/grænmeti, frönskum, koktelsósu og gosi

kr. 1450,-

Heitar langlokur 20 teg,

kr. 1450 - 1795,-

Barnabox

kr. 850,-


Meðlæti:

franskar, sveitafranskar, krullur, laukhringir og sykurtöflur

Hádegistilboð gildir
frá kl. 11:00 - 14:00

OLSEN OLSEN®
Bætur

HAFNARGÖTU 17 - KEFLAVÍK - Sími 421 4457



Ágætu mótsgestir

Ég býð ykkur velkomin til Reykjanesbæjar.

Nettómótið hefur verið að vaxa með hverju árinu og er mjög gott dæmi um hve miklu er hægt að áorka með góðri samvinnu tveggja íþróttadeilda. Bæjaryfirvöld hafa sýnt þessu verkefni þá virðingu og þann styrk sem því ber og hvatt deildirnar til dáða.

Reykjanesbær hefur á undanförunum áratugum sýnt metnað í því að reisa góð og hentug íþróttamannvirki. Slík mannvirki eru jú umgjörðin og grundvöllur þess að halda stórmót eins og Nettómótið.

Mikivlægsti grundvöllur að vel heppnuðu móti er þó jákvæð þátttaka ykkar og sjáfboðavinna og samvinna körfuknattleiksdeilda UMFN og Keflavíkur, sem tekst að halda þetta mót eins vel og raun ber vitni.

Um leið og ég vona og veit að þið eigið eftir að njóta helgarinnar hér og allt sem þetta mót hefur upp á að bjóða hvet ég ykkur til að litast um og skoða bæinn okkar og kynnst þeirri fjölbreyttu þjónustu sem við bjóðum fjölskyldufólki.

Þá vil ég minna á okkar árlegu Ljósanótt í byrjun septembermánaðar.

Þá blómstrar menningin og mannlífið hér sem aldrei fyrr. Þið eruð hjartanlega velkomin.

Ég vona að þið eigið hér ánægjulega dvöl og njótið körfuboltamótsins, þar sem hinn sanni íþróttandi ríkir fyrst og fremst.

Góða skemmtun á Nettómótinu 2013

Árni Sigfússon, bæjarstjóri



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is



RAFHÖLT



Engu líkt!

Egils



Skessan í hellinum

Skessan hefur komið sér vel fyrir í helli við smábátahöfnina í Keflavík. Skessunni þykir gaman að fá krakka í heimsókn og fá bréf frá krökkum sem hún reynir að svara eftir bestu getu.

Sjá nánar á skessan.is



Opið lau. og sun.
kl. 10:00 - 17:00



Duushús

Duushús eru menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar.

Þar má sjá bátasafn Gríms Karlssonar, sýningar byggðasafnsins og listasafnsins, og elsta bíósal landsins.

Opið lau. og sun.
kl. 13:00-17:00



Víkingaheimar

Komið og sjáð víkingaskipið Íslending, klæðist víkingafötum á staðnum og upplifið stemninguna. Ókeypis fyrir börn og helmings afsláttur fyrir foreldra.

Opið lau. og sun.
kl. 12:00 - 17:00



Vatnaveröld - fjölskyldusundlaug

Í Vatnaveröld eru fjölbreytt leiktæki fyrir yngstu kynslóðina, kastalar, rennibrautir, sveppir og selir. Vatnið er upphitað og þægilegt fyrir lítil kríli.

Krakkar á grunnskóla-
aldri fá fritt í sund.

Opið laugardag kl. 08:00-19:00
og sunnudag 08:00-18:00



- 1 Heiðarskóli**
Vellir 9 og 10
Svefnaðstaða
- 2 Íþróttahús/Vatnaveröld
Holtaskóli/Fjölbrautaskóli
Suðurnesja**
Vellir 1-6
Kvöldvaka
Mötuneyti
Svefnaðstaða
Mótttaka liða
- 3 Njarðvíkurskóli**
Vellir 7 og 8
Svefnaðstaða

- 4 Akurskóli**
Vellir 11 og 12
- 5 Íþróttamiðstöðin í Garði**
Völlur 13
- 6 Reykjaneshöll**
Hoppukastali
Leiksvæði
- 7 Myllubakkaskóli**
Svefnaðstaða
- 8 Innileikjagarðurinn
Ásbrú**



REYKJANESBÆR

reykjanesbaer.is

Ágætu mótsgestir

Vinsamlegast leggið bifreiðum löglega við íþróttamannvirki. Akið gætilega og hafið aðgát á gangandi vegfarendum

Ath. að fjöldi bílastæða er bæði fyrir ofan Fjölbrautarskóla Suðurnesja og fyrir neðan Sundmiðstöðina - Vatnaveröld



Víkingsheimar

Reykjanesbraut

Reykjanesbraut

Ásbrú

Íþróttamiðstöðin í Garði
9 km

LANGBEST

8

Skessuhellir

ERTU SVANGUR/
SVÖNG?



langbest



OLSEN OLSEN
Bakari



Hólmgarði 2

DUUS HÚS
REYKJANESBÆR

Samkaup
strax

Hólmgarður

SIGURJÓNS
BAKARÍ

KASKO

LANGBEST

KFC

netto
Ódýrt fyrir heimilin

KEFLAVÍKURHÖFN

NJARÐVÍKURHÖFN



Rútuferðir

Ef lið vantar far milli keppnisstaða þá er hægt að hringja eftir rútu í síma 863 0571 og 863 0572.

Ath. að mjög stutt er að ganga á milli íþróttahússins við Sunnubraut og Reykjaneshallar.

Rútuferðir á blósýningar eru frá keppnisstöðunum, Holtaskóla, Heiðarskóla, Akurskóla og Njarðvíkurskóla.

Rútuferðir verða einnig á gístaði eftir kvöldvökuna.

Muna að koma tímanlega í rúturnar.



Gunnar Gísli Guðlaugsson

Svæðisstjóri Reykjaness, Krossmói 4 - 230 Reykjanessbæ

Sími: 514 1120 / 825 8520 - fax 514 1121 - gunnargg@vordur.is - www.vordur.is



Holl og góð næring

sem losar foreldra við umstang og áhyggjur

Hjá Skólamat er tíu ára reynsla í framleiðslu skólamáltíða í samvinnu við næringarfræðinga og skóla. Hafðu samband og fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar í skólamáltíðum.



Kvöldkaffi fyrir foreldra



Á laugardagskvöldinu þegar kvöldvöku lýkur í Íþróttahúsinu á Sunnubraut og börnin eru farin í kvöldhressingu á gístitöðunum, verður öllum áhugasömum foreldrum og þjálfurum boðið að eiga notalega kvöldstund og spjall fyrir svefninn og þiggja kaffiveitingar í boði mótshaldara.

Kvöldstund fyrir foreldra fer fram í félagsheimili Keflavíkur á 2. hæð Íþróttahússins við Sunnubraut. Tímasetning er áætluð frá kl. 21:30 – 22:30.



SJÓVÁ



Reglur mótsins

- Mótið er fyrir stúlkur og drengi fædd árið 2001 og síðar.
- Hver leikur er 2 x 12 mínútur.
- Mikilvægt er að allir leikmenn fái tækifæri til að spila.
- Það má skipta inná hvenær sem er á leiktímanum.
- Reglur fyrir minnibolta eru notaðar á vellinum.
- Stigin eru ekki talin – allir vinna.
- Liðin verða að muna eftir að bakka yfir miðlínu í vörn.
- Ef varnarmaður brýtur á skotmanni fær hitt liðið eitt vítaskot.
- Mikilvægt er að ábyrgur aðili fylgi hverju liði. Börn eða unglingar mega ekki vera liðstjórar.

*Munið að hlusta og fara eftir því sem liðstjórinn segir.
Munið að hvatningin er kraftmeiri en nokkuð annað.*



ÆFINGABÚÐIR



GARÐUR

ÞJÁLFRAR ATHUGIÐ!

Sveitarfélagið Garður á Suðurnesjum býður upp á frábæra aðstöðu fyrir æfingahópa.

Um helgar býðst þjálfurum að koma með hópa í æfingabúðir í Íþróttamiðstöðina í Garðinum. Aðstaðan er íþróttasalur, sundlaug, heitir pottar og félagsmiðstöð sem gist er í, en hún er í göngufæri frá Íþróttamiðstöðinni.

Félagsmiðstöðin býður upp á svefnpokapláss fyrir allt að 35 ungmenni. Lökendur þurfa að koma með svefnpoka og dýnu.

Í félagsmiðstöðinni eru pool borð, borðtennis, þythokki, fótboltaspil, DVD, leikjatölvur (PS3, Wii) ískápur og eldavél. Einnig eru þar borð og stólar fyrir um 25 manns. Samkaup er í um 30 sek. göngu frá félagsmiðstöð. Mamma míá pizzur senda í Garðinn og svo er veitingahúsið Tveir vitar á Garðskagatánni í mjög sérstöku umhverfi. Úti á Garðskaga er einnig hvít strönd þaðan sem sjósund er stundað í miklum mæli.

Tíminn sem hægt er að nýta íþróttasal (22m x 44m) til æfinga, er eftir 21:00 á föstudögum. Frá kl. 12:00 – 20:00 á laugardögum og frá kl. 09:00 – 16:00 á sunnudögum.

Sundlaugin er opin frá kl. 10:00 – 16:00 laugardaga og sunnudaga.

Kostnaður:

Kostnaður á iðkenda er 1600kr + 900kr í gistingu í félagsmiðstöð eða samtals 2500kr. Þjálfari og forráðamenn greiða ekki.

Íþróttamiðstöðin í Garði:

<http://ig.is>

Sveitarfélagið Garður: <http://svgardur.is>

Íþróttamiðstöð: sími. 422-7300 Netfang: jon@ig.is



ÞÚ ERT STJARNNA Á DRAUMALÍDID.IS

FLOTTUSTU KÖRFUBOLTAMYNDIRNAR

Innileikjagarðurinn Ásbrú

Er skemmtilegt vetrarleiksvæði fyrir krakka á aldrinum 2-8 ára enda alltaf gott veður í garðinum. Opnunartími Innileikjagarðsins er frá kl. 14:30 - 16:30 um helgar og þriðjudaga - föstudaga frá kl. 15:00 - 18:00. Hægt er að leigja innileikjagarðinn fyrir t.d. afmæli utan opnunartíma.

Allar nánari upplýsingar varðandi pantanir gefur Hafþór Birgisson tómstundafulltrúi í síma 898 1394. Innileikjagarðurinn á Ásbrú er staðsettur að Keilisbraut 778, fyrir aftan Listasmiðjuna og 100 metra frá Langbest.



Lau. 2. mars opið frá kl. 12.30-17.30
Sun. 3. mars opið frá kl. 09.00-16.30



Toyota Reykjanesbæ

Njarðarbraut 19 260 Reykjanesbæ
Sími: 420 6600 Fax: 421 1488
Þjónustuverkstæði sími: 420 6610

toyotareykjanesbae.is

A photograph of the interior of a restaurant. The room is bright and modern, with large windows on the right side. There are several square tables with orange chairs. The ceiling has recessed lighting. A red banner at the top of the image contains text in Icelandic. Another black banner below it also contains text. At the bottom of the image, there is a logo for "langbest" and a Coca-Cola logo.

Pizzur - Hamborgarar - Samlokur - Steikur - fiskur

GÓÐUR MATUR OG GOTT ÚRVAL

LANGBEST, HAFNARGÖTU OG ÁSBRÚ

langbest

PIZZERIA • STEIKHÚS • KAFFIBAR

s. 421 4777

MORGUNBLAÐIÐ FIMMTUDAGUR 10. MARS

Í dag er fimmtudagur 10. mars, 69. dagur ársins 2011

Orð dagsins: Andinn opinberast í sérhverjum til þess, sem gagnlegt er. (1.Kor. 12, 7)

Víkverjiskrifar

Um 1200 börn munu hafa tekið þátt í Nettómótinu í körfubolta, sem haldið var í Reykjanesbæ um helgina og er það mesta þátttaka frá því þetta mót var haldið fyrst fyrir 21 ári. Víkverji hefur verið fastagestur á mótinu undanfarin ár og getur ekki annað en hrósað aðstandendum mótsins hjá Njarðvík og Keflavík fyrir umgjörðina. Það er lítil ást á milli þessara liða inni á vellinum, en þau kunna greinilega að taka höndum saman.

x x x

Á þessu móti keppa yngstu þátttakendurnir í körfubolta og það getur verið hin mesta skemmtun að fylgjast með þeim. Sumir þátttakendur geta gert ótrúlegustu hluti við boltann þótt ungir séu og aðrir eru komnir með leikskilning, sem sumir öðlast aldrei þótt þeir þráist við alla ævi, en allir eiga það sameiginlegt að leggja sig alla fram. Víkverji hefur orðið vitni að því á þessu móti hvernig hópur ósamstæðra einstaklinga varð að liðsheild á einum degi.

x x x

Það hefur oft staðið ungmennastarfi í hópíþróttum fyrir þrifum hversu snemma er byrjað að draga keppendur í dilka í hinni þrotlausu sókn eftir titlum. Markmiðið með íþróttastarfi er að fá börn til að hreyfa sig og mun ekki veita af þessa dagana. Áherslan á árangur getur hins vegar þýtt að þau börn, sem kannski helst þyrftu á hreyfingunni að halda, hrökklast í burtu. Í körfuboltanum eru stigin ekki talin á mótum fyrstu árin. Þessi regla er í fullu gildi á Nettómótinu. Það eru því allir sigurvegarar. Í framhaldi af þessu er síðan ástæða til að hrósa þeirri reglu, sem gildir á Íslandsmótum í körfubolta fyrstu árin að lið fái aukastig fyrir að láta að minnsta kosti tíu leikmenn spila minnst einn leikhuta. Í raun ætti svoona regla að vera óþörf því að hverjum þjálfara ætti að vera ljóst að til lengri tíma er best að vera með stóran hóp reyndra leikmanna, en það vill augljóslega gleymast í hita leiksins.

víkverji@mbl.is

Það bezta zíðan Jordan



Litrikt á bragðið

Skemmtileg hlið á Nettómótinu

-reynslusaga móður




Í mars 2005 kom ég með börnin mín á Nettómót (þá Samkaupsmót) í Reykjanesbæ en sonur minn æfði körfubolta með KR. Við höfðum verið að leita okkur að húsnæði í þó nokkurn tíma þar sem við vorum búin að sprengja utan af okkur húsnæðið í Reykjavík og vildum gjarnan komast í einbýli í nágrenni Reykjavíkur. Höfðum við tekið rúnt m.a. á Selfoss, í Hveragerði og Borgarnes (húsnæðisleit. Það að flytjast suður með sjó hafði aldrei verið inn í myndinni enda höfðum við ákveðnar ranghugmyndir um svæðið, t.d. að þar myndist varla stingandi strá og alltaf væri rok og rigning. Þegar við röltum hér um bæinn kom hann skemmtilega á óvart og

var mun hlýlegri en við áttum von á. Laust þá niður þeirri hugmynd að það væri ekki vitlaust að flytjast hingað. Bærin ekki langt frá höfuðborginni, hér væri mikil íþrótt- og tónlistarhefð, samgöngur góðar og...stutt til útlanda!

Það varð úr að við skoðuðum, gerðum tilboð, gengum frá húsnæðis kaupum og fluttum til Keflavíkur tveimur mánuðum síðar í gamalt hús í grónu, skjólgóðu hverfi. Höfum við búið hér síðan og erum ánægð með að hafa tekið þessa ákvörðun.

Krilla





NETTÓ MÓTIÐ
REYKJANESBÆ
2.- 3.MARS
2013

SPALDING

nettó

nettó

Kræsingar & kostakjör